





Reykjavík, 15. ágúst 2024  
USK24060126

## Laugarásvegur 35 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa


Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 11. júlí 2024 var lögð fram fyrirspurn Styrmis Bjarts Karlssonar, dags. 10. júní 2024, um að breyta fastanúmeri á bílskúr sem tilheyrir húseign á lóð nr. 35 við Laugarásveg. Einnig lagður fram uppdráttur Münduls, dags. 18. janúar 2020. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar verkefnastjóra og er nú lögð fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. ágúst 2024.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Deiliskipulag



Götumynd, ja.is. (tekin 08. 2023)

### Skipulag í gildi

**Aðalskipulag:** Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Laugarásvegi 35 borgarhluta 4 *Laugardalur* og er hluti af íbúðarsvæði *ÍB14 – Laugarás*.

**Deiliskipulag/ Hverfisskipulag:** Í gildi er heildarskipulag fyrir bílskúrslóðina stgr. 1.382.1, *Kleifarvegur 48, (Laugarásvegur 27-37)*, samþykkt í borgarráði 24. ágúst 1982, með síðari breytingum.

### Umsögn

Húsið á lóð nr. 35 við Laugarásveg er steinsteypt einbýlishús, byggt árið 1958 samkvæmt fasteignaskrá. Bílskúrarnir tveir sem spurt er um og tilheyra húsinu voru byggðir árið 1985 samkvæmt fasteignaskrá.

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi breytingu á fasteignanúmeri á öðrum bílskúrnum sem tilheyrir Laugarásveg 35. Um er að ræða bílskúrsröð með fimm bilum sem tilheyra húsunum nr. 29, 29A, 35 og 37 við Laugarásveg. Bílskúrslóðin og skúrarnir eru aðskilin húsunum sem eiga þar bil en lóðin er sameign þessa húsa og stendur við enda Kleifarvegar.

Spurt er hvort eigandi Laugarásvegur 35, sem er að selja húsið, megi halda öðru bílskúrsbilinu nr. 010103 og selja hitt bilið með húsinu. Umsækjandi talar um að



fjölskyldan býr öll nálægt í Laugardalnum og vilja þau fá sér fasteignanúmer á bil 010103 með nýjum eignarskiptasamning sem væri á nafni þeirra allra þar sem að enginn af þeim á bílskúr.

Í deiliskipulaginu er talað um að bílskúrslóðin tilheyrir húsunum við Laugarásveg 29-37.

Bílskúrar, hvort sem þeir eru innbyggðir í húsið, sambyggðir því eða standa sjálfstæðir á lóð þess, verða þeir alltaf að fylgja fasteign.

#### **Niðurstaða**

- Neikvætt er tekið í erindið. Óheimilt er að selja bílskúra frá fasteign.

#### **f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Katrín Eir Kjartansdóttir  
verkefnastjóri

